

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1995

21. mars 1995

337

Nr. 165

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmálasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 100 3. febrúar 1995, sem hér segir:

- J Þjóðvaki, hreyfing fólksins.
- K Kristileg stjórnmálahreyfing.
- M Vestfjarðalistinn, samtök stuðningsmanna Péturs Bjarnasonar.
- N Náttúrugaflokkur Íslands.
- S Suðurlandslistinn, listi utan flokka á Suðurlandi.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmálasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf, sem hér segir:

- G Alþýðubandalag og óháðir.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

17. mars 1995

Nr. 166

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:
Kr.

- 1) Grunnjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) 40.000

B 24

Gutenberg

2)	Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30	800
3)	Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT (þó greiðist að hámarki gjald fyrir 10 tilnefningar)	9.700
4)	Gjald fyrir síðari tilnefningar skv. b- og c-lið 9. mgr. 4. reglu PCT að því tilskildu að a.m.k. ein tilnefning hafi verið gerð og greidd við innlögn alþjóðlegu umsóknarinnar	9.700
5)	Staðfestingargjald skv. 5. mgr. 15. reglu PCT, vegna síðari tilnefninga skv. 4. tl. þessarar greinar, og skal upphæðin vera 50% af samanlagðri upphæð skv. þeim lið.	
6)	Framsendingargjald, skv. 4. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. 14. reglu PCT	5.000
7)	Gjald fyrir útgáfu og sendingu forgangsréttarskjals, skv. 5. tl. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 17. reglu PCT	2.500

Gjöld skv. 1., 2. og 6. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.

Gjald skv. 3. tl. skal greitt innan eins árs frá móttökudegi umsóknar eða, ef krafist er forgangsréttar, innan eins árs frá forgangsréttardegi eða eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar í því tilfalli að þeim mánuði ljúki síðar en forgangsréttarárinu.

Gjöld skv. 4.-5. tl. skulu greidd innan 15 mánaða frá móttökudegi umsóknar eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist.

Hafi gjöld samkvæmt 1., 2., 3. og 6. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

2. gr.

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. ell. greiðast eftirtalin gjöld:

1)	Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT:	
	a) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn í Svíþjóð og afrit af fyrstu rannsóknarniðurstöðu varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi fylgir	22.000
	b) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn hér á landi, í Danmörku, Finnlandi eða Noregi og afrit af fyrstu rannsóknarniðurstöðu varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi fylgir	30.000
	c) í öllum öðrum tilvikum	35.000
2)	Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri	35.000
3)	Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT	105.000
4)	Gjöld fyrir nýnæmisrannsókn af alþjóðlegum toga á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:	
	a) Grunn gjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni	30.000
	b) Viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 hjá sænsku einkaleyfastofnuninni	900

c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni 105.000
 Gjöld skv. 1. og 3. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.
 Gjald skv. 2. tl. skal greitt innan mánaðar frá því tilkynnt er um greiðslu.
 Gjöld skv. 4. tl. skulu greidd innan þriggja mánaða frá móttökudegi umsóknar.
 Hafi gjöld samkvæmt 1. og 3. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

3. gr.

Gjöld skv. 1. - 5. tl. 1. gr. eru í samræmi við gjaldskrá Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 1. janúar 1995, vegna meðhöndlunar alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skv. Samstarfs-sáttmálanum um einkaleyfi, ásamt viðeigandi reglum, sbr. 96. reglu PCT.

Gjöld skv. 6. - 7. tl. 1. gr. og 4. tl. 2. gr. eru ákveðin skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.), sbr. einnig 46. gr. rg. ell.

Gjöld skv. 2. gr. eru í samræmi við gjaldskrár viðkomandi rannsóknarstofnana, sbr. fyrrgreinda gjaldskrá Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 1. janúar 1995.

4. gr.

Framangreind gjöld skal greiða Einkaleyfastofnunni sem viðtökustofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir. Gjaldskrá þessi er í samræmi við ákvæði Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) og viðeigandi reglur, sbr. III. kafla laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.) og ákvæði 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.) og öðlast gildi hinn 23. mars 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 17. mars 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

17. mars 1995

Nr. 167

REGLUGERÐ

um gjöld vegna yfirfærslu alþjóðlegra einkaleyfisumsókna til Íslands.

1. gr.

Eftirtalin gjöld skal greiða við yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar til Íslands:

Kr.

- | | |
|--|--------|
| 1) Grunnjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 1. mgr. 31. gr. eða 2. mgr. 38. gr. einkaleyfalaga (ell.) | 27.500 |
| 2) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. ell. fyrir alþjóðlega umsókn, sem yfirfærð er skv. 31. gr. laganna, eða fyrir einkaleyfisumsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.: <ul style="list-style-type: none"> a) grunnjald telst greitt hafi gjald skv. 1. tl. verið greitt, b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu | 1.200 |
| 3) Gjald skv. 36. og 37. gr. ell. | 27.500 |
| 4) Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit af umsókn skv. 3. mgr. 31. gr. ell. | 10.000 |